

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 29. apríl 2013
Tilvísun: UST20130400142/bs

Efnistaka. Björg II. Hörgársveit. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 17. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar. Efnistaka hefur verið í landi Bjarga um árabíl. Áætlað er að þegar hafi verið raskað um 12 ha og teknir um 800.000 m³. Líklega er unnt að taka um 2.200.000 m³ til viðbótar úr námunni. Til þessa þarf að raska um 20 ha til viðbótar. Heildar efnistaka á svæðinu er því áætluð um 3.000.000 m³ og heildar flatarmál námunnar um 32 ha. Efnistakan mun fara fram á næstu 20 árum.

Jarðmyndunin sem efnistakan fer fram í eru víðáttumiklir malarhjallar.


Fyrirhugað framkvæmdasvæði er hvorki á Náttúruminjaskrá né á Náttúruverndar áætlun. Hér er ekki um jarðmyndun að ræða sem nýtur sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands sem vitnað er til í frummatsskýrslu kemur fram að malarhjallar á því svæði sem hér um ræðir eru taldir heppileg efnistökusvæði til malarvinnslu.


Í frummatsskýrslu eru helstu áhrif efnistökkunnar talin verða sjónræn áhrif og áhrif á landslag. Efnistakan mun hafa varanleg og óafturkræf áhrif á þá jarðmyndun sem efni verður tekið úr. Landslag breytist á þann hátt að nýtt flatlendi myndast frá Hörgá að Hörgárdalsvegi. Til að draga úr sjónrænum áhrifum verður vinnsla námunnar áfangaskipt þannig að frágangur og vinnsla munu haldast í hendur.

Hér er um að ræða framhald efnistöku sem staðið hefur yfir um árabíl. Jafnframt er hér um að ræða svæði sem hentar vel til efnistöku að áliti Náttúrufræðistofnunar Íslands. Með góðri aðlögun að landi að lokinni efnistöku og frágangi samhliða vinnslu ætti að vera hægt að draga úr neikvæðum sjónrænum áhrifum og neikvæðum áhrifum á landslag. Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Umhverfisstofnun vill benda á að á næstu dögum líður að lokum matsferlis tveggja stórra náma utarlega í Hörgárdal. Hér er um óskyldar framkvæmdir að ræða sem samt gætu haft

verulega neikvæð áhrif á ásýnd dalsins þann tíma sem námurnar verða starfræktar samtímis eða a.m.k. næstu 20 árin. Því ættu leyfisveitendur að líta til þessa atriðis og reyna að draga úr neikvæðum sjónrænum áhrifum efnistöku í dalnum með því að leggja áherslu á færri og stærri námur í samræmi við stefnu stjórnvalda í Velferð til framtíðar.

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson
sérfræðingur


Sigríður Kristjánsdóttir